

# Leikskólar í Þingeyjarsveit

## Gjaldskrá 2025

Verð pr. mánaðar klst. kr. 768.

Aukagjald skal innheimt í hvert skipti sem barn er sótt of seint eða komið með of snemma, 1.000 kr. reiknast á hverjar byrjaðar 15 mínútur.

Dæmi: Barn er í vistun samtals 20 klst. á viku. Gjaldið verður því  $20 \times 768 = 15.360,-$

Dæmi: Barn er í vistun samtals 36 klst. á viku. Gjaldið verður því  $36 \times 768 = 27.648,-$

Dæmi: Barn er í vistun samtals 40 klst. á viku. Gjaldið verður því  $40 \times 768 = 30.720,-$

Við útreikning á gjöldum er ávallt reiknað með 4 vikum í mánuði.

Ef ekki er greitt innan 3 mánaða þá þarf að semja um greiðslu til að halda vistun.

### Bleyjuáskrift

Foreldrar geta keypt bleyjuáskrift. Fær barnið þá bleyjur eftir þörfum í leikskólanum. Fyrir 36 tíma vistun á viku greiðast 3.000 kr. á mánuði. Fyrir allt að 20 tíma vistun greiðist hálf gjald.

Afsláttarreglur:

25 % afsláttur er veittur einstæðum foreldrum og öryrkjum.

25% afsláttur er veittur ef báðir foreldrar eru í fullu námi

Til að njóta systkinaafsláttar þurfa börnin að vera með sameiginlegt lögheimili:

*Fyrsta barn – fullt gjald*

*Annað barn 50% afsláttur*

*Hvert barn umfram tvö 100% afsláttur*

Afsláttur er veittur af því gjaldi sem lægra er ef um mislanga vistun systkina er að ræða.

Ekki er veittur afsláttur á afslátt ofan. Sækja þarf um afslátt og skila umbeðnum gögnum.

*Samþykkt af sveitarstjórn Þingeyjarsveitar 25.09. 2025*

Gjaldskráin gildir frá 1. október 2025.



Gerður Sigtryggisdóttir  
sveitarstjóri